

„Ég hafði engan til að tala við áður en ég byrjaði í skólanum“


Reynsla fylgdarlausra barna af skólagöngu, afþreyingu og félagslegri þátttöku

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi MA, PhD, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Eva Björg Bragadóttir, félagsráðgjafi MA, Barnavernd Kópavogs



Guðbjörg
Ottósdóttir



Eva Björg
Bragadóttir

Útdráttur

Fylgdarlausum börnum sem flýja heimaland sitt og sækja um alþjóðlega vernd hefur fjölgað hratt í Evrópu. Fylgdarlaus börn eru í viðkvæmri stöðu og hafa sérstakar þarfir fyrir stuðning. Greinin fjallar um hluta af niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar á reynslu fylgdarlausra drengja af móttöku og þjónustu á meðan á málsmeðferð stóð. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á aðstæður og upplifun fylgdarlausra barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Tekin voru sjö hálfstöðluð viðtöl við sjö drengi sem fengið höfðu alþjóðlega vernd. Í greininni er fjallað um niðurstöður sem tengjast reynslu viðmælenda af menntun og skólagöngu, afþreyingu og félagslegri þátttöku. Niðurstöðurnar sýna að drengjunum þóttu þeir ekki fá næg tækifæri til menntunar og skólagöngu, afþreyingar og samveru með jafnöldrum, og hafði þetta neikvæð áhrif á líðan þeirra og aðlögun. Þeir upplifðu menntun jafnframt sem vettvang til þess að skapa framtíðarsýn. Niðurstöðurnar varpa annars vegar ljósi á gildi menntunar og skólagöngu fyrir fylgdarlaus börn og hins vegar mikilvægi félagslegs vettvangs fyrir þau. Mikilvægt er að hafa heildarsýn að leiðarljósi í þjónustu og samstarfi stofnana til þess að mæta þörfum fylgdarlausra barna.

Lykilorð: fylgdarlaus börn, menntun, félagsleg tengsl, þjónusta.

Abstract

The number of unaccompanied children seeking asylum in European countries has significantly increased. Unaccompanied children are considered a socially vulnerable group with significant needs. This article discusses part of findings of a qualitative research on

the experiences of unaccompanied children of reception services and support in Iceland whilst their cases were under review. The aim was to gain insight into the conditions and experiences of unaccompanied children applying for international protection in Iceland. Seven semi-structured interviews were conducted with seven unaccompanied boys that had been granted international protection. The article describes and discusses findings related to the boys' experiences of education, recreation and social participation. The findings show that the boys experienced limited opportunities to education, social activities and interactions with peers, which negatively affected their emotional wellbeing and adjustment. They also described education as an area where they could assert some influence on planning their future. The findings highlight the importance of recognising the value of education and social participation for unaccompanied children. Service institutions need to meet education and social needs of unaccompanied children from a holistic approach.

Keywords: unaccompanied children, education, social participation and welfare services.

Inngangur

Fylgdarlausum börnum sem flýja heimaland sitt og sækja um alþjóðlega vernd hefur fjölgað hratt í löndum Evrópu á síðustu árum samfara vaxandi fjölda flóttafólks á heimsvísu. Fjölgun í þessum hópi hafa fylgt áskoranir fyrir velferðarkerfi móttökuríkjana því að fylgdarlaus börn eru í einkar viðkvæmri stöðu, sökum aldurs og þroska og aðskilnaðar frá foreldrum sínum og fjölskyldu. Víða er þjónustu og úrræðum ábótavant. Fylgdarlaus börn fá ekki fullnægjandi stuðning við



málsmeðferðina og jafnvel ekki nægilegar upplýsingar um hana, og einnig skortir á umönnun og félagslegan stuðning (Hodes, Jagdev, Chandra og Cunniff, 2008; Hopkins og Hill, 2010; Kalverboer o.fl., 2017; Lundberg og Dahlquist, 2012; Malmsten, 2014). Málefni fylgdarlausra barna á Íslandi hafa lítið verið rannsökuð. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á aðstæður og upplifun fylgdarlausra barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi og auka þekkingu á málefnum þessara barna í þjónustuúrræðum á vegum íslenskra yfirvalda. Þá var stefnt að því að finna þætti sem hægt er að byggja á við að stuðla að aukinni velferð fylgdarlausra barna. Rannsóknarspurningarnar voru: 1) Hver er félagsleg reynsla og upplifun fylgdarlausra barna af málsmeðferðinni þegar sótt er um alþjóðlega vernd? 2) Hver er félagsleg reynsla og upplifun fylgdarlausra barna af stuðningi og þjónustuúrræðum sem þeim standa til boða á málsmeðferðartímanum á vegum hlutaðeigandi stofnana? Hér verður fjallað um þá hluta niðurstaðna rannsóknarinnar sem lúta að reynslu barnanna af menntun og skólagöngu, afþreyingu og félagslegri þátttöku.

Fylgdarlaus börn

Í lok árs 2017 var talið að þeir sem hefðu hrakist af heimili sínu væru tæpar 70 milljónir. Af þeim töldust rúmlega 25 milljónir vera flóttafólk utan landamæra upprunaríkis. Yfir helmingur flóttafólks var börn undir 18 ára aldri og um 174 þúsund þeirra voru fylgdarlaus (Flóttamannastofnun SP, 2018). Samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (1997) telst fylgdarlaust barn vera einstaklingur sem er yngri en 18 ára, nema hann nái fyrir lögræðisaldri samkvæmt þeim lögum sem hann lýtur, svo sem á þeim stað þar sem sótt er um alþjóðlega vernd, sem er aðskilinn frá báðum foreldrum sínum og ekki í umsjá fullorðinna sem samkvæmt lögum eða venju er skylt að sjá um hann. Frá árinu 2015 hafa norrænu ríkin öll tekið á móti hlutfallslega fleiri fylgdarlausum börnum en önnur Evrópuríki. Það hefur leitt af sér álag á velferðarkerfi ríkjanna sem hafa flest gripði til þess ráðs að þrengja löggjöf um réttindi og vernd flóttafólks og breyta framkvæmd (Byrne og Hansen, 2018).

Rannsóknir í ríkjum Evrópu sýna að fylgdarlaus börn fá ekki fullnægjandi stuðning á meðan á málsmeðferð stendur, og að umönnun og þjónusta í daglegu lífi barnanna sé ábótavant (Malmsten, 2014; Hopkins og Hill, 2010; Kalverboer o.fl., 2017; Lundberg og Dahlquist, 2012). Umönnun og stuðningur skiptir þó sköpum fyrir velferð, aðlögun og þátttöku barna í

móttökusamfélögunum (Hodes o.fl., 2008; Kalverboer o.fl., 2017). Þá benda rannsóknir til þess að menntun og skólaganga hafi töluvert gildi við aðlögun og þátttöku fylgdarlausra barna, og að það sé mikilvægt fyrir velferð þeirra að þau hefji skólagöngu sem fyrst eftir komu til móttökuríkis (Hopkins og Hill, 2010; Lundberg og Dahlquist, 2012; Wimelius, Eriksson, Isaksson og Ghazinour, 2017) enda sé aðgengi að menntun og félagslífi grundvallarréttur barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (e.d.).

Fylgdarlaus börn upplifa oft öryggi og vellíðan í skólaumhverfinu; skólinn veitir þeim þá tilfinningu að þau standi jafnfætis öðrum börnum og séu ekki jaðarsett. Skólinn er vettvangur fyrir börn til að byggja upp sjálfstraust og gera áætlanir fyrir framtíðina (Hopkins og Hill, 2010; Eide og Hjern, 2013). Skólaganga og sú reglufesta sem hún hefur í för með sér ýtir undir vellíðan og öryggiskennd (Chase, 2013). Menntun barnanna eykur tungumálakunnáttu og færni, bæði í móðurmáli og tungumáli móttökuríkis, og stuðlar þannig að frumkvæði þeirra að því að leita eftir þjónustu og tengjast öðrum börnum og fullorðnum. Slík færni er talin lykilatriði fyrir börnin við að fóta sig í nýju samfélagi (Chase, 2013).

Rannsóknir hafa sýnt hversu mikilvæg önnur félagsleg virkni er fyrir fylgdarlaus börn. Það að vera sem mest í félagsskap annarra og vera upptekinn við ýmiss konar afþreyingu leiðir hugann frá erfiðleikum og vanlíðan sem tengist stöðu þeirra og málsmeðferð hvers og eins (Malmsten, 2014; Raghallaigh og Gilligan, 2010; Chase, 2013). Hammell (2014) sýndi fram á að skortur á félagslegri þátttöku og virkni hefði skaðleg áhrif á andlega og líkamlega heilsu og velferð fylgdarlausra barna. Samhliða tækifærum til félagslegrar virkni er talið mikilvægt að fylgdarlaus börn upplifi velgengni og vellíðan í námi. Samkvæmt rannsóknum sýna mörg fylgdarlaus börn vilja og metnað í námi. Því ber yfirvöldum að veita þeim aukin tækifæri á sviði náms og félagslegrar þátttöku (Kohli, 2011).

Fylgdarlaus börn á Íslandi

Lítill rannsóknarþekking liggur fyrir um málefni fylgdarlausra barna á Íslandi. Hins vegar má nefna tvær rannsóknir á málefnum flóttabarna í fylgd með fullorðnum, sem varpa ljósi á upplifun og reynslu flóttabarna þegar kemur að menntun og þátttöku í félagslífi. Rannsókn Guðbjargar Ottósdóttur og Helenu N. Wolimbwa (2011) á reynslu kvótaflóttabarna leiddi í ljós að færni í tungumáli heimalandsins og viðhorfjafnaldra og samfélagsins til uppruna flóttabarna voru þau atriði sem



skiptu flóttabörn mestu máli í þátttöku í íslensku samfélagi. Þessir þættir stuðluðu að velgengni barnanna í námi, félagslegri tengslamyndun og trausti á möguleikum í framtíðinni. Svipaðar niðurstöður sýnir rannsókn Helgu Guðmundsdóttur, Geirs Gunnlaugssonar og Jónínu Einarsdóttur (2018) á upplifun og reynslu barna og foreldra sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Skólinn er fyrir börnunum akkeri á biðtímanum sem annars einkennist af óvissu. Hann veitir þeim rútínu og tilgang í hversdagsleikanum. Börnin og foreldrar þeirra töldu menntunina veita tækifæri í framtíðinni hvað varðaði atvinnu og lífsafkomu.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á sértæka þjónustu og stuðning við fylgdarlaus börn og telja aðgengi barna að menntun og skólagöngu mikilvægt, eins og má sjá í lögum (Barnaverndarlög nr. 80/2002; Lög um útlendinga nr. 80/2016, Reglugerð um útlendinga nr. 540/2017; Umboðsmaður barna, 2016). Hins vegar hefur það verið raunin að fylgdarlaus börn bíða yfirleitt vikum saman eftir því að hefja skólagöngu (Umboðsmaður barna, 2016) og fagfólk telur afþreyingarmöguleika skorta í daglegu lífi barnanna (Byrne og Hansen, 2018; Elínbjörg Ellertsdóttir, 2017; Rauði krossinn á Íslandi, 2018).

Greinin er byggð á niðurstöðum meistararannsóknar Evu Bjargar Bragadóttur (2019) og er mikilvægt framlag til þekkingar á stöðu fylgdarlausra barna á Íslandi.

Aðferð

Gagna var aflað með eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem sú aðferð er heppileg þegar ekki liggur fyrir mikil þekking á rannsóknarefninu. Aðferðin hentar einnig vel þegar markmið rannsóknar er að öðlast betri skilning á því hvernig þátttakendur túlka og skilja félagslega atburði, atferli og aðra þætti í daglegu lífi. Tekin voru sjö hálfstöðluð viðtöl við sjö drengi á aldrinum 14–17 ára sem höfðu komið fylgdarlausir til Íslands á árunum 2015–2017, sótt um alþjóðlega vernd og fengið hana. Drengirnir voru frá ýmsum ríkjum í Afríku og Mið-austurlöndum, höfðu ólíkan félagslegan og menningarlegan bakgrunn og misjafna reynslu í aðdraganda komu sinnar til Íslands. Til þess að gæta að trúnaði við viðmælendur eru í lýsingu og umfjöllun um niðurstöður hvorki notuð nöfn drengjanna sem eiga í hlut né hafa þeim verið gefin dulnefni. Þetta hefur verið gert til þess að fyrirbyggja að hægt sé að rekja niðurstöður til einstakra drengja sem tóku þátt. Á málsmeðferðartímanum voru drengirnir í umsjá barnaverndaryfirvalda í þremur sveitarfélögum og sáu þau þeim fyrir húsnæði, framfærslu, menntun og ýmsum viðeigandi félags-

legum úrræðum og stuðningi. Drengirnir voru valdir með aðferð markmiðsúrtaks þar sem viðmælendurnir urðu að hafa þá reynslu að hafa komið sem fylgdarlaus börn, farið í gegnum málsmeðferð og fengið stuðning og þjónustuúrræði á vegum hlutaðeigandi stofnana. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga, Barnavernd Hafnarfjarðar og Rauði krossinn höfðu milligöngu um að nálgast mögulega þátttakendur og kynna rannsóknina fyrir þeim með kynningarbréfi á ensku og íslensku um markmið og tilgang rannsóknarinnar. Að fengnu upplýstu samþykki þátttakenda og umsjáraðila þeirra sem voru enn undir 18 ára aldri (þrír drengjanna), hafði rannsakandi samband við hvern og einn þeirra, sagði þeim frá rannsókninni og gerði þeim grein fyrir því hvað fælist í þátttöku. Drengirnir lýstu allir yfir áhuga og vilja til að taka þátt í rannsókninni og var staður og tími rannsóknarviðtals síðan ákveðinn í samráði við þá. Viðtölin tóku um klukkustund og sum þeirra fóru fram með aðstoð túlks. Þau voru hljóðrituð, afrituð og greind með aðferð kóðunar- og þema- greiningar sem fólst í því að lesa viðtalsgögnin vandlega yfir og beita opinni og markvissri kóðun. Fyrirnefndu aðferðinni var beitt þannig að gögnin voru lesin línu fyrir línu og dregin fram öll atriði sem tengdust sjónarhornum og upplifun þátttakenda með markmið rannsóknarinnar í huga. Sú síðarnefnda fól í sér að draga fram sjónarmið og reynslu drengjanna í beinu samhengi við rannsóknarspurningar. Gögnin voru síðan flokkuð og endurflokkuð eftir þemum og merkingu (Creswell og Poth, 2018). Þau þemu sem fram komu við greininguna voru: Reynsla af málsmeðferð; reynsla af búsetu; reynsla af félagsþjónustu; menntun og skólaganga; afþreying og félagsleg þátttaka. Í greininni er fjallað um tvö síðustu þemun, menntun og skólagöngu annars vegar og afþreyingu og félagslega þátttöku hins vegar.

Niðurstöður

Fram kom í viðtölunum við drengina að búsetuaðstæður þeirra voru afar mismunandi á biðtímanum. Sumir dvöldust á móttökumiðstöð Útlendingastofnunar allan biðtímann en aðrir komust fljótt á fósturheimili þar sem þeir nutu umönnunar fósturforeldra. Heimilis- og húsnæðisaðstæður höfðu áhrif á líðan drengjanna og upplifun, og lýstu þeir flestir þörf fyrir meira öryggi, vernd og umönnun í daglegu lífi af hálfu fullorðinna. Fósturheimilin virtust það búsetuform sem veitti bestan stuðning en drengirnir sem dvöldust á móttökumiðstöð Útlendingastofnunar eða á gistiheimilum upplifðu

gjarnan skort á umönnun og stuðningi, samveru með öðrum og á tækifærum til afþreyingar.

Menntun og skólaganga

Í viðtölunum var spurt um virkni í daglegu lífi og um möguleika drengjanna til þess að stunda nám á biðtímanum. Greining á frásögnum drengjanna leiddi í ljós að það skipti í tvö horn hjá þeim um þátttöku í skólánámi meðan á málsmeðferðinni stóð. Fjórir drengjanna sem voru á framhaldsskólaaldri höfðu fengið boð um að stunda nám, ýmist við framhaldsskóla eða hjá fræðslufyrirtækjum, og sögðu að í báðum tilfellum hefði eingöngu verið um að ræða íslenskunám. Þrír drengjanna sögðust ekki hafa fengið tækifæri til náms. Aðgengi að námi virtist að einhverju leyti hafa verið háð málsniðurstöðunni. Einn drengjanna sem var enn á grunnskólaaldri við komuna til landsins fékk þær upplýsingar hjá félagsráðgjafanum sínum að til þess að hann kæmist í grunnskóla yrði að vera komin niðurstaða í máli hans hjá yfirvöldum og hann þyrfti að vera búinn að fá íslenska kennitölu. Eftir nokkurra mánaða bið fékk hann jákvæða málsniðurstöðu og hóf íslenskunám í framhaldsskóla. Annar sagði að hann hefði ekki komist í framhaldsskóla fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, þegar félagsþjónustan fór að veita honum þjónustu samkvæmt þjónustusamningi við Útlendingastofnun og eftir að ljóst var að barnaverndaryfirvöld tækju ekki við máli hans. Hann sagði að það hefði verið gott, því að þá hefði hann ekki lengur verið aðgerðalaus og jafnframt getað tekið þátt í líkamsrækt. Aðgengi drengjanna að menntun og skólagöngu virðist því hafa verið háð málsmeðferðinni, samstarfi stofnana sem komu að málum þeirra og samningum þeirra í millum.

Í viðtölunum kom fram að skólagangan var öllum drengjunum mikilvæg, og þeir sem ekki komust strax í nám á biðtímanum sögðust hafa beðið óþreijufullir. Fram kom í frásögn drengjanna að skólaganga skapaði stöðugleika og rútínu í daglegu lífi, og hafði stuðlað að betri líðan. Einn þeirra sagði:

Fyrst eftir að ég kom hafði ég ekkert að gera á daginn. Svo gat ég byrjað í skóla ... ég fór í skólann á hverjum degi og fór líka stundum að spila fótbolta ... ég var upptekinn og var að hitta fólk ... ég hafði engan að tala við áður en ég byrjaði í skólanum.

Drengirnir lýstu skólagöngu og menntun gjarnan sem eins konar vettvangi til félagslegra samskipta og tengslamyndunar. Eins og fram hefur komið höfðu drengirnir lítið fyrir stafni áður en skólaganga hófst og upplifðu sig einangraða. Einn þeirra lýsti þessu svona:

Áður en ég byrjaði í skólanum var ég bara í herberginu mínu og fór lítið út. Þegar ég byrjaði í skólanum breyttist margt ... fyrir mér er skóli eitthvað skemmtilegt; að hafa gaman, hitta vini og ýmislegt fleira. Og læra og vita hluti.

Ein af niðurstöðunum var sú að skólaganga gaf drengjunum jafnframt kost á annars konar stuðningi en félagslegum. Einn drengjanna sagðist ekki eingöngu hafa fengið aðstoð við nám heldur hefðu kennararnir hans skrifað bréf til yfirvalda honum til stuðnings þegar hann áfryjaði niðurstöðu umsóknar sinnar um alþjóðlega vernd.

Fram kom hjá drengjunum að íslenskunám hefði einnig gefið aukin tækifæri til félagslegra samskipta þar sem hæfni í tungumáli hins nýja samfélags gerði þeim kleift að eiga meiri samskipti við aðra en áður. Þátttaka í námi og það að hafa tækifæri til íslenskunáms var í augum sumra þeirra fyrsta skrefið í átt að þeirri tilfinningu að finnast þeir tilheyra samfélaginu. Einn útskýrði af hverju þátttaka í námi og íslenskunám skipti máli fyrir hann: „Vegna þess að ég var að fá hæli hér svo þetta var svona landið mitt.“

Flestir litu á íslenskunámið sem undirbúning fyrir frekara nám og nokkrir drengjanna höfðu þegar ákveðinn starfsvettvang í huga. Menntun og þau tækifæri sem hún leiðir af sér var því ákveðin kjölfesta í framtíðarsýn þeirra og það gætti stolts hjá nokkrum þeirra þegar þeir töluðu um væntingar sínar og framtíðardrauma. Einn drengurinn útskýrði hvaða þýðingu námið hefði fyrir hann: „Það er mjög mikilvægt, eiginlega það mikilvægasta. Nám er aðalástæða þess að ég kom til Evrópu ... mér gekk vel í skóla ... ég lagði mikið á mig.“ Annar drengur, sem var byrjaður í íslenskunámi á biðtímanum, sagði einnig að það hefði verið sér mikilvægt að sýna samviskusemi í náminu strax frá byrjun, og hann hafði beðið félagsráðgjafa sinn að skrá sig í meira krefjandi íslenskuáfangi. Metnaður hans endurspeglast í frásögn hans af því hvernig honum leið eftir að hafa fengið niðurstöðuna frá Útlendingastofnun:

Núna er ég bara að vinna og fara í skólann og reyna að mæta í skólanum á réttum tíma alltaf, ekki fá fjarvist frá kennaranum. Og það var svona punkturinn fyrir mig, sko. Að mæta vel í skólann og gera eitthvað sem ég vil gera ... það er allt opið fyrir mig og ég get gert hvað sem er.

Jákvæð viðhorf og metnaður sem kemur fram í þessum frásögnum er til vitnis um mikla seiglu og staðfestu. Drengirnir sýndu sterkan vilja til þess að standa sig vel



Þrátt fyrir að búa við vanlíðan og óöryggi um framtíð sína. Slík viðhorf mátti einnig sjá hjá fleirum sem sögðust vilja leggja grunn að eigin velgengni, verða sjálfstæðir og standa á eigin fótum. Einn sagði að hann vildi með menntun sinni og velgengni láta gott af sér leiða í upprunalandinu: „Ég vil fara aftur til heimalandsins og hjálpa fólkinu mínu. Af því að ég vil ekki að krakkarnir þar alist upp við sömu aðstæður og ég. Ég vil ekki að þau séu á einhverju flakki ...“ Ljóst er að þátttaka í skólagöngu og menntun hafði margvísleg jákvæð áhrif á stöðu drengjanna og líðan, og á getu þeirra til að takast á við erfiðar aðstæður. Þátttakan jók tækifæri þeirra til frekari menntunar og til félagslegra samskipta, og ekki síst til þess að vinna að framtíð sinni.

Afþreying og félagsleg þátttaka

Greining á frásögnum drengjanna bendir til þess að það hafi skipt þá miklu máli að eiga kost á ýmiss konar afþreyingu, aðallega íþróttum og annarri líkamsrækt. Þeir sögðu að ásamt skólagöngu hefðu íþróttir og aðrir afþreyingarmöguleikar skipt miklu máli fyrir líðan þeirra. Það að hafa mikið fyrir stafni virðist hafa verið mikilvægt hjargráð þar sem þeir hafi með því náð að leiða hugann frá kvíðafullum vangaveltum um framtíð sína og um fjölskylduna í upprunalandinu. Einn drengjanna sagði: „Ég var að reyna að hugsa ekki um fjölskylduna mína, ekki hugsa um svarið. Bara skólann og ræktina.“

Nokkrir drengjanna sögðust hafa átt kost á íþróttaiðkun snemma á biðtímanum en öðrum stóð þetta ekki til boða fyrr en síðar í ferlinu, þ.e. þegar niðurstaða lá fyrir. Því hefðu þeir verið í lítilli virkni í nokkra mánuði. Það reyndist þeim öllum þungbært og voru þeir flestir þeirrar skoðunar að framboð á afþreyingu hefði mátt vera mun meira og koma mun fyrr. Einn þeirra lýsti því að hafa haft tækifæri til þess að spila fótbolta, sem skipti hann miklu máli: „Þetta var bara tvisvar í viku ... var betra en ekki neitt.“

Það mátti merkja af frásögn drengjanna að skóla og skipulegum íþróttæfingum hefði fylgt reglufesta og fyrirsjáanleiki sem þeir höfðu þörf fyrir, og margt bendir til þess að þeir hafi sem fyrst viljað koma lífi sínu í fastar skorður. Einn lýsti þessu þannig að á fyrstu vikum biðtímans hefði hann átt erfitt með að staðsetja sig á Íslandi þar sem hann vissi ekki hverju hann ætti von á og hefði verið í lausu lofti. Þetta breyttist þegar hann fór að hafa meira fyrir stafni: „Ég var bara að bíða eftir svarinu, hvort ég fengi að vera á Íslandi eða ekki. En þegar ég byrjaði að spila fótbolta og fara í skólann þá fannst mér ég búa á Íslandi.“ Ljóst er því að þátttaka

í íþróttum hafði jákvæð áhrif á líðan drengjanna, og stuðlaði einnig að þeirri tilfinningu hjá þeim að tilheyra samfélaginu.

Af frásögnum drengjanna er ljóst að skóli og skipuleg íþróttaiðkun gerði þeim kleift að umgangast jafnaldra og mynda vinatengsl. Þeir töluðu allir um að það skipti máli að eignast vini og geta byggt upp tengslanet, sem þeir upplifðu sem aukinn stuðning. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að við flóttann frá heimalandi og síðan öðru Evrópulandi þar sem þeim var synjað þar um vernd, sem var algeng reynsla á meðal drengjanna, misstu þeir það tengslanet sem þeir höfðu haft og þurftu að byrja frá grunni hér á landi. Einn drengur lýsti söknuði eftir vinahópnum sínum: „Ég var með marga vini þar. Og við gátum farið út saman.“ Annar sagði að það hefði verið erfitt að byrja að sækja afþreyingu án þess að hafa félagsskap frá öðrum: „Áður var ég alltaf að fara með vinum mínum í ræktina, með fleiri krökkum. En hér var ég bara einn og það var þínu leiðinlegt en ekkert mál, sko.“ Orð drengjanna benda til þess að það hafi verið mikilvægur þáttur í félagslegri aðlögun þeirra allra að finnast þeir eiga heimili og tilheyra hinu nýja samfélagi.

Fram kom einnig að það væri mikilvægt að upplifa sig með sömu tækifæri til félagslegrar þátttöku og jafnaldrarnir, og það skipti drengina greinilega máli að vera ekki jaðarsettir á forsendum stöðu sinnar sem umsækjendur um alþjóðlega vernd. Drengur sem æfði fótbolta lýsti því hvernig það að hafa ekki kennitölu hefði haft áhrif á sjálfsmynd hans á vettvangi íþróttar:

Mér líður ekki þannig núna en þá [á málsmeðferðartímanum] fannst mér ég stundum eins og utanveltu. Til dæmis var ég að æfa fótbolta og stundum eru keppnir. Og þegar ég vildi taka þátt í keppni þá var ég spurður um kennitölu. Og þá, ef þú ert ekki með kennitölu þá ertu öðruvísi en aðrir, skilurðu. Svo mér leið þannig ... þú ert öðruvísi ef þú ert ekki með kennitölu ... en núna er þetta eins og ég sé eins og aðrir.

Lýsing drengsins sýnir að staða hans sem hælisleitanda hafði að einhverju leyti dregið úr tækifærum hans til íþróttaiðkunar og haft áhrif á sjálfsmynd hans og líðan. Þeir drengjanna sem voru ekki í námi á biðtímanum og höfðu litla eða enga afþreyingu lýstu því að biðtíminn hefði af þessum sökum verið þeim tilfinningalega erfiður. Einn þeirra, sem hafði dvalið í sjö mánuði í húsnæði Útlendingastofnunar, sagðist aldrei hafa fengið tækifæri til afþreyingar þann tíma, þrátt fyrir umleitanir, og gagnrýndi sinnuleysi kerfisins: „Ég bað þau [barnaverndaryfirvöld] að skrá mig í einhverja íþrótt. Eitt-



hvað að gera. En þau voru ekki jákvæð um það.“ Hann sagðist hafa ítrekað beiðni sína um að komast í íþróttir nokkrum sinnum en ekki hefði verið brugðist við því og engar skýringar gefnar. Lítil sem engin afþreying var í boði innan móttökumiðstöðvar Útlendingastofnunar og afþreyingarþörfum drengjanna sem þar dvöldu var ekki mætt. Tveir drengjanna sögðust hafa verið með persónulega ráðgjafa á vegum barnaverndaryfirvalda. Þeir hefðu farið með þeim út og gert eitthvað til þess að brjóta upp daginn. Þeir voru báðir ánægðir með þessar samverustundir en fannst þær ekki duga til.

Nokkrir sóttu vikulegt félagsstarf hjá Rauða krossinum og lýstu ánægju með viðburðina þar. Niðurstöður sýna að þetta starf hefur bæði stuðlað að reglufestu og verið vettvangur fyrir jafningjastuðning sem var drengjunum mikilvægur. Hjá Rauða krossinum hafi þeir meðal annars haft tækifæri til að borða saman og spila. Starfsemin virðist hafa verið sérstaklega mikilvæg þeim sem bjuggu við mikla einangrun. Þeir tveir drengir sem bjuggu hvað lengst á móttökumiðstöðinni sögðust hafa verið mjög einmana á þeim tíma, en það hefði hjálpað þeim að sækja viðburðina reglulega. Greining rannsóknargagna sýnir þó að starfsemin hentaði ekki öllum, til að mynda höfðu bæði einstaklingsþættir og önnur virkni áhrif á það hvort drengirnir nýttu sér þennan möguleika á félagsstarfi. Einn drengjanna sagðist ekki hafa vitað af viðburðunum en hann hefði eflaust sótt þá ef hann hefði vitað af þeim.

Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að drengirnir sjö höfðu misjafna möguleika til menntunar og skólagöngu á biðtímanum. Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um útlendinga nr. 80/2016 er þó lögð áhersla á aðgengi barna að menntun við hæfi og gert ráð fyrir að barn sem sækir um alþjóðlega vernd eigi rétt á skólagöngu eins skjótt og unnt er. Sambærilegt ákvæði var í eldri lögum um útlendinga, nr. 96/2002, svo að lögin hefðu átt að tryggja öllum drengjunum í rannsókninni skólagöngu á biðtímanum. Ljóst er því að réttindi drengjanna voru ekki virt. Fagfólk og stofnanir hafa þó bent ítrekað á rétt barna til að hefja skólagöngu eins fljótt og auðið er (Umboðsmaður barna, 2016; Byrne og Hansen, 2018).

Hjá flestum drengjanna kom fram mikilvægi þess að hefja skólagöngu sem fyrst og að sá kostur þyrfti að vera fyrir hendi á biðtímanum; skólagöngu fylgi stöðugleiki og reglufesta og hún ýti undir félagsleg samskipti. Niðurstöðurnar eru sambærilegar við niðurstöður annarra rannsókna (Chase, 2013; Helga Guðmunds-

dóttir o.fl., 2018). Menntun og tungumálafærni, og þau tækifæri sem því fylgja, var ákveðinn kjarni í framtíðarsýn drengjanna. Þær niðurstöður samræmast fjölmörgum rannsóknum sem sýna fram á gildi menntunar (Svensson og Eastmond, 2013; Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa, 2011; Helga Guðmundsdóttir o.fl., 2018). Af niðurstöðunum er hægt að draga sterka ályktun um mikilvægi skólagöngu og hve áriðandi það er að tryggja fylgdarlausum börnum hana sem fyrst eftir komuna hingað til lands.

Bent hefur verið á að fylgdarlaus börn geti sýnt mikla seiglu við erfiðar aðstæður (Raghallaigh og Gilligan, 2010) og þessa verður einnig vart í niðurstöðunum. Hjá flestum drengjanna mátti greina sterkan vilja og metnað til þess að standa sig vel í námi þrátt fyrir að þeir byggju við vanlíðan og óöryggi um framtíð sína. Rannsakendur á þessu sviði hafa lagt áherslu á að seigla sé ekki eingöngu bundin við persónueinkenni einstaklinga heldur sé um að ræða samspil persónulegra styrkleika og umhverfisþátta (Rutter, 1990; Ungar, 2012). Draga má þá ályktun að í aðbúnaði fylgdarlausra barna þurfi að leggja áherslu á að byggja á fyrirbyggjandi seiglu þeirra, trú þeirra og staðfestu í að takast á við krefjandi aðstæður.

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi annarrar virkni en menntunar fyrir fylgdarlaus börn (Malmsten, 2014; Raghallaigh og Gilligan, 2010; Chase, 2013). Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að afþreying hafi verið mikilvægt hjargráð fyrir drengina þegar þeir tókust á við erfiðar aðstæður og líðan. Þó var framboð á afþreyingu ekki nægjanlegt og drengirnir fengu misjafnlega góð tækifæri til afþreyingar. Fram kom að tækifæri til jafningjasamveru og tengsla voru drengjunum mikilvæg sem þáttur í félagslegri aðlögun og þeirri tilfinningu að tilheyra samfélaginu, og hafa sambærilegar niðurstöður fengist í öðrum rannsóknum (Kohli og Mather, 2003; Kohli, 2011). Rannsóknir á reynslu fagaðila af starfi með fylgdarlausum börnum hér á landi hafa einmitt bent til þess að tryggja þurfi fylgdarlausum börnum aukinn félagslegan stuðning og fleiri möguleika til þátttöku í starfi og leik með jafnöldrum sínum (Elínbjörg Ellertsdóttir, 2017; Rauði krossinn, 2018). Niðurstöðurnar sýna því enn og aftur mikilvægi tækifæra til menntunar og félagslegrar þátttöku, þar á meðal til jafningjatengsla.

Niðurstöðurnar sýna í heild að leggja þarf áherslu á heildræna nálgun í stuðningi og þjónustu við fylgdarlaus börn á málsmeðferðartíma. Þessi aðstoð við börnin þarf að grundvallast á skýrara verklagi en nú er og á stuðningsúræðum sem eru í samræmi við löggjöf í málaflokknum. Skortur á viðeigandi stuðningsúræðum



er hvorki í samræmi við lög um börn og útlendinga né ákvæði Barnasáttmálans, sem var lögfestur á Íslandi árið 1992. Félagsráðgjafar eru sú stétt sem helst vinnur með fylgdarlausum börnum, gætir hagsmuna þeirra og hefur hvað mesta yfirsýn yfir þá þjónustu sem þeim er veitt. Mikilvægt er að hafa heildarsýnina að leiðarljósi og vinna með börnunum sjálfum í samhengi við umhverfi þeirra að öðru leyti.

Þess er vænst að rannsóknin veiti mikilvæga innsýn í þarfir og sjónarmið fylgdarlausra barna, ekki síst á sviði menntunar og félagslegrar þátttöku, og að niðurstöðurnar nýtist við stefnumótun og þróun þjónustu við fylgdarlaus börn.

Heimildaskrá

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt af <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/heildartexti-barnasattmalans>

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Byrne, K. og Hansen, C. B. (2018). *Protected on Paper? An analysis of Nordic country responses to asylum-seeking children*. Sótt af <https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/NORDIC%2028%20LOWRES.pdf>

Chase, E. (2013). Security and subjective wellbeing: The experience of unaccompanied young people seeking asylum in the UK. *Sociology of Health & Illness*, 35(6), 868–872. doi.org/10.1111/j.1467-9566.2012.01541.x

Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2018). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. Los Angeles: Sage.

Eide, K. og Hjern, A. (2013). Unaccompanied refugee children – vulnerability and agency. *Acta Pædiatrica – Nurturing the Child*, 102(7), 666–668. doi.org/10.1111/apa.12258

Elínbjörg Ellertsdóttir. (2017). *Viðhorf fagfólks til móttöku og þjónustu við fylgdarlaus börn á Íslandi* (óútfegin meistarritgerð.) Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29236>

Eva Björg Bragadóttir. (2019). „Ég var að reyna að hugsa ekki um fjölskylduna mína, ekki hugsa um svarið, bara skólann og ræktina.“ *Reynsla fylgdarlausra barna af móttöku og þjónustuúrræðum* (óútfegin meistarritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/32842>.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. (1997, febrúar). *Guidelines on policies and procedures in dealing with unaccompanied children seeking asylum*. Sótt af <https://www.refworld.org/docid/3ae6b3360.html>

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. (2018). *Global trends: Forced displacement in 2017*. Sótt af <https://www.unhcr.org/5b27be547.pdf>

Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa. (2011). *Flóttabörn á Íslandi: Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Hammell, K. R. W. (2014). Belonging, occupation, and human well-being: An exploration. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 8(1), 39–50. doi.org/10.1177/0008417413520489

Helga Guðmundsdóttir, Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir. (2018). „Allt sem ég þrái“: Menntun og skólaganga barna sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi. *Tímarit um*

uppeldi og menntun / Icelandic Journal of Education, 27(1), 1–21. doi.org/10.24270/tuuum.2018.27.1

Hodes, M., Jagdev, D., Chandra, N. og Cunniff, A. (2008). Risk and resilience for psychological distress amongst unaccompanied asylum seeking adolescents. *The Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 49(7), 723–732. doi.org/10.1111/j.1469-7610.2008.01912.x

Hopkins, P. og Hill, M. (2010). The needs and strengths of unaccompanied asylum-seeking children and young people in Scotland. *Child & Family Social Work*, 15(4), 399–408. doi.org/10.1111/j.1365-2206.2010.00687.x

Kalverboer, M., Zijlstra, E., van Os, C., Zevulun, D., ten Brummelaar, M. og Beltman, D. (2017). Unaccompanied minors in the Netherlands and the care facility in which they flourish best. *Child & Family Social Work*, 22(2), 587–596. doi.org/10.1111/cfs.12272

Kohli, R. (2011). Working to ensure safety, belonging and success for unaccompanied asylum-seeking children. *Child Abuse Review*, 20(5), 311–323. doi.org/10.1002/car.1182

Kohli, R. og Mather, R. (2003). Promoting psychosocial wellbeing in unaccompanied asylum seeking young people in the United Kingdom. *Child & Family Social Work*, 8(3), 201–212. doi.org/10.1046/j.1365-2206.2003.00282.x

Lundberg, A. og Dahlquist, L. (2012). Unaccompanied children seeking asylum in Sweden: Living conditions from a child-centred perspective. *Refugee Survey Quarterly*, 31(2), 54–75. doi.org/10.1093/rsq/hds003

Lög um útlendinga nr. 96/2002.

Lög um útlendinga nr. 80/2016.

Malmsten, J. (2014). Unaccompanied children living in transitional houses – voices from Sweden. *International Journal of Migration, Health, and Social Care*, 10(1), 18–35. doi:10.1108/ijmhsc-10-2013-0037

Raghallaigh, M. N. og Gilligan, R. (2010). Active survival in the lives of unaccompanied minors: Coping strategies, resilience and the relevance of religion. *Child & Family Social Work*, 15(2), 226–237. doi.org/10.1111/j.1365-2206.2009.00663.x

Rauði krossinn á Íslandi. (2018, 2. mars). *Umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga* (fylgdarlaus börn). Sótt af <https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-446.pdf>.

Reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

Rutter, M. (1990). Psychosocial resilience and protective mechanisms. Í J. Rolf, A. S. Masten, D. Cicchetti, K. H. Nuechterlein og S. Weintraub (ritstjórar), *Risk and protective factors in the development of psychopathology* (bls. 181–214). New York: Cambridge University press.

Svensson, M. og Eastmond, M. (2013). “Betwixt and between”: Hope and the meaning of school for asylum-seeking children in Sweden. *Nordic Journal of Migration Research*, 3(3), 162–170. doi.org/10.2478/njmr-2013-0007

Umboðsmaður barna. (2016, 4. maí). *Frumvarp til laga um útlendinga*, 728. mál [umsögn um lagafrumvarp]. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1440.pdf>

Ungar, M. (2012). *The social ecology of resilience: A handbook of theory and practise*. New York: Springer.

Wimelius, M. E., Eriksson, M., Isaksson, J. og Ghazinour, M. (2017). Swedish reception of unaccompanied refugee children-promoting integration? *Journal of International Migration and Integration*, 18(1), 143–157. doi.org/10.1007/s12134-016-0472-2